

Fundargerð 77. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál
Fundur haldinn á Teams, 10. janúar 2022, kl. 13:00

Dagskrá:

1. **Breytingar á Stjórnarráðinu**
2. **Byggðaaætlun 2018-2024**
Skýrsla ráðherra til Alþingis
3. **Endurskoðun byggðaaætlunar**
Staðan og hlutverk stýrihópsins
4. **Samráðsfundir stýrihóps og landshlutasamtaka**
5. **Önnur mál**
 - a. Framlög til sóknaráætlana landshluta 2022

Mættir: Hólmfríður Sveinsdóttir formaður (SRN), Anna Borgþórsdóttir Olsen (FJR), Anna Katrín Einarsdóttir (ANR), Árni Freyr Stefánsson (SRN), Baldur Þ. Guðmundsson (MRN), Bryndís Eiríksdóttir (ANR), Bryndís Þorvaldsdóttir (HRN), Elísabet Linda Þórðardóttir (DMR), Eva Margrét Kristinsdóttir (FRN), Magnús Örn Agnesar Sigurðsson (UAR), Pétur Berg Matthíasson (FOR), Valgerður Rún Benediktsdóttir (Sambandinu), Eyþór Björnsson (landshlutasamtökunum), Reinhard Reynisson (Byggðastofnun) og Sigríður K. Þorgrímsdóttir (Byggðastofnun), sem ritaði fundargerðina.

Fjarverandi: Andri Júlíusson (UTN) og Þórarinn Sólmundarson (MRN).

Formaður setti fund. Því næst var gengið til dagskrár.

Umfjöllun og afgreiðsla:

1. Breytingar á Stjórnarráðinu

Farið var gegnum þær breytingar sem framundan eru með nýrri skiptingu ráðuneyta og verkefna þeirra og hvaða áhrif það kann hugsanlega að hafa á samsetningu stýrihópsins.

2. Byggðaaætlun 2018-2024. Skýrsla ráðherra til Alþingis

Formaður upplýsti að árleg skýrsla ráðherra til Alþingis um framkvæmd byggðaaætlunar er tilbúin og bíður þess að vera send í prentun. Í skýrslunni kemur m.a. fram að af 54 aðgerðum er 21 lokið.

3. Endurskoðun byggðaaætlunar. Staðan og hlutverk stýrihópsins

Endurframlagning byggðaaætlunar er á þingmálaskrá innviðaráðherra í lok janúar. Formaður hafði upplýst stýrihópinu um það í tölvupósti og hefur farið þess á leit að fulltrúar stýrihópsins rýni vel aðgerðir og áherslur út frá ríkisstjórnarsáttmálanum. Leggi ráðuneyti til breytingar þarf að upplýsa um slíkt sem fyrst þar sem stefnt er að því að ljúka vinnu við endurskoðun fyrir lok janúar.

4. Samráðsfundir stýrihóps og landshlutasamtaka sveitarfélaga

Verkefnisstjóri kynnti yfirlit fundanna og helstu umræðuefni á þeim. Í umræðum kom fram ánægja með fundarformið og hvernig til tókst og hve mætingin var góð. Bent var á hve auðvelt sé að kalla saman fjarfundi og þeir gætu verið oftast eftir þörfum. Ráðuneyti jafnt sem landshlutasamtök geta haft frumkvæði af slíkum fundum. Verkefnisstjóri mun senda greinargerð ásamt glærum frá landshlutasamtökunum þegar öllum fundum er lokið, en enn er eftir að halda fund með SSV í Borgarnesi.

5. Önnur mál

- a) Framlög til sóknaráætlana landshluta 2022.

Formaður upplýsti að framlög til sóknaráætlana fyrir árið 2022 hefðu hækkað um 100 m.kr. í meðferð fjármálanefndar. Unnið er að tillögu að skiptingu framlagsins Landshlutasamtökin verða upplýst um leið og ákvörðun liggur fyrir.

Næsti fundur verður mánudaginn 7. febrúar 2022.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:47